

Ár 2012, miðvikudaginn 13. júní, er dómþing Dómstóls Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands (ÍSÍ) haldið af Guðmundi Jónssyni dómara í dómstól ÍSÍ að Rúgakri 1, Garðabæ.

Fyrir er tekið: Mál nr. 9/2012.

Lyfjaráð ÍSÍ

gegn

A

Í málinu er kveðinn upp svofelldur

DÓMUR

I.

Mál þetta er höfðað með kæru Lyfjaráðs ÍSÍ, dagsettri og mótttekinni á skrifstofu ÍSÍ þann 7. maí 2012.

Guðmundi Jónssyni dómara í Dómstól Íþróttá- og Ólympíusambands Íslands var úthlutað málinu sama dag og kærán barst skrifstofu ÍSÍ. Með bréfi dagsettu 9. maí 2012 var kærðu gefinn kostur á að koma að sínum sjónarmiðum/halda uppi vörnum vegna kærunnar með greinargerð til dómstólsins, sem berast skyldi dómstólnum eigi síðar en 23. maí 2012. Greinargerð kærðu barst þann dag.

Með bréfi dagsettu 24. maí sl. var kæranda gefinn kostur á að tjá sig um efni grg. kærðu eigi síðar en 31. maí 2012. Ekki bárust frekari gögn frá kæranda.

V.

Af greinargerð kærðu er ljóst að ekki er ágreiningur í málinu um að kærða hafi með háttsemi sinni gerst sek um lyfjamisnotkun og þannig brotið gegn ákvæðum laga ÍSÍ um lyfjamál. Viðfangsefni dómsins er því að ákvarða refsingu í málinu og taka afstöðu til síðari kröfandi í dómkröfum kærðu.

Krafa kæranda er krafa um dóm til tveggja ára óhlutgengis til þátttöku í keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ frá og með 30. mars 2012. Einnig að kærða verði dæmd til sviptingar réttar til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ sama tíma.

Kærandi byggir viðurlagakröfur sínar einkum á 1. mgr. 10.4. í lögum ÍSÍ um lyfjamál.

Kærða byggir kröfu sína um styttri refsingu en krafist er á ákvæði greinar 10.5. í lögum ÍSÍ um lyfjamál, sbr. og gr. 10.5.2.

Fram kemur í gögnum málsins að kærða var mjög samvinnuþýð við skýrslutöku, gerði grein fyrir tilgangi sínum með notkun hins bannaða efnis, sem var að grenna sig fyrir keppni í íþrótt sem ekki er innan vébanda ÍSÍ. Hún hafði takmarkaðar forsendur til að gera sér grein fyrir að efnið kynni einnig að bæta árangur hennar í hennar grein, handbolta, og að það innihéldi ólögleg efni.

Þá er eftirtektarvert að kærða gaf upp nafn dreifingaraðila efnisins sem auðvelda mun íþróttá- og lögregluþjófum að draga úr framboði efnanna til íþróttafólks almennt, sem telur sig þurfa að grenna sig, eða nota vefaukandi efni.

Tilgangur refsinga er aðallega sá að hafa varnaðaráhrif. Kærða er greind með ADHD og mikinn athyglisbrest. Ljóst má vera að varnaðaráhrif refsinga eru ekki þau sömu fyrir einstakling sem svo er lýst vegna hvatvísi hennar og takmarkana á að gera sér grein fyrir afleiðingum gjörða sinna. Á kærðu væri brotið ef við ákvörðun refsingar væri ekki tekið tillit til heilsufars hennar og samfélagslegrar stöðu. Grunnrök refsilækkunarástæðna greinar 10.5. í lögum ÍSÍ um lyfjamál styðja þá niðurstöðu. Engu að síður verður ekki framhjá þeirri skynsemissreglu gengið að hver einstaklingur verði að bera ábyrgð á eigin málum, en gagnvart einstaklingi með skerta getu verður ekki lengra gengið í því efni en vangeta hans segir til um.

Er því fallist að hluta á kröfur kæranda um óhlutgengi kærðu og telst sá tími hæfilega ákveðinn 6 mánuðir frá og með 30. mars 2012 en frá þeim tíma hefur kærða ekki tekið þátt í opinberri keppni sbr. dómskjal nr. 14. Upphafstími óhlutgengis miðast við kröfugerð kæranda.

Varðandi kröfu kærðu um nafnleynd við birtingu dómsins er á það fallist með vísan til skyldu HSÍ sem fram kemur í grein 15.3. i.f. í lögum ÍSÍ um lyfjamál og efni yfirlýsingar HSÍ á dómskjali nr. 15, um framkvæmd eftirlits með óhlutgengum aðilum innan sérsambandsins.

Guðmundur Jónsson dómari í dómstól ÍSÍ kveður upp dóm þennan. ÍSÍ ber að birta dóminn undir nafnleynd.

DÓMSORÐ

Kærða, A, er dæmd til 6 mánaða óhlutgengis til þátttöku í keppni og sýningum sem fram fara á vegum ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félaga eða deilda innan

þeirra. Þá er kærða svipt rétti til að gegna trúnaðarstörfum fyrir ÍSÍ, sambandsaðila þess eða félög eða deildir innan þeirra í 6 mánuði, allt frá 30. mars 2012 að telja.

Guðmundur Jónsson